

Aukagreinarnar:	{	Íslenzka	2	eink.	stig	188 1. okt.	
		Stærðfræði	2	—	—		
		Eðlisfræði	1	—	—		
		Rafmagnsfræði	2	—	—		stig
		Mótorfræði	7	—	—		

Aðaleinkunn 14 eink. stig

Meðaleinkunn, sem er einkunn.

Reykjavík, 19....

N.N.

N.N.

N.N.

Til þess að standast prófið þarf minnst 56 stig, í íslenzku meðaleinkunnina 3, í samantlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3 og í aukagreinunum samantlagðum meðaleink. 3. Hæsta aðaleinkunn er 112 stig.

21. gr.

Að afloknu prófinu ritar prófnefnd skýrslu um prófið með nöfnum prófsveina, fæðingardeg, ári og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Í prófbókina skal einnig færa skýrslur þær, sem sendar eru Fiskifélaginu frá námskeiðum, sem haldin eru utan Reykjavíkur, jafnóðum og þær berast Fiskifélaginu.

Prófbókina skal geyma í vörzlum Fiskifélags Íslands, en eftirrit af henni skal senda menntamálaráðuneytinu.

22. gr.

Glati mótorvélstjóri prófskirteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann æskir þess.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 18. gr. laga nr. 71/1936, um kennslu í vélfræði, og 57. gr. laga nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, öðlast þegar gildi. Samtímis er úr gildi felld reglugerð nr. 104/1936, um mótornámskeið.

Menntamálaráðuneytið, 1. október 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

189

1. okt.

um breyting á reglugerð nr. 103 29. sept. 1936, fyrir vélskólann í Reykjavík.

1. gr.

Síðari málsgrein 6. töluliðs 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Matmálstími er frá kl. 11.50 til 13.10.

2. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Kennslustundir á viku hverri skulu vera sem hér segir:

189 1. okt.	Námsgreinar	Minni	Meiri vélstjóradeild		Rafmagnsdeild	
		vélstjóradeild	Fyrri vetur	Síðari vetur	Fyrri vetur	Síðari vetur
	Íslenska	5	5	3	5	0
	Danska	0	3	2	3	0
	Enska	0	3	2	0	0
	Þýzka	0	3	2	4	2
	Stærðfræði	6	8	6	9	0
	Eðlisfræði	4	4	4	6	0
	Eimvélafræði	12	3	6	4	2
	Mótorfræði	3	3	6		
	Burðarþolsfræði	0	0	1	0	0
	Vélateikning	0	3	3	4	0
	Rafmagnsteikning	0	0	0	0	4
	Hjúkrunarfræði	0	1	1	0	0
	Bókhald og viðskiptafræði	0	1	1	2	0
	Líkamsæfingar	0	1	1	1	1
	Bókleg rafmagnsfræði	2	0	0	0	18
	Verklegrafmagnsfræði	2	0	0	0	6
	Efnis- og áhaldafraedi	0	0	0	0	2
	Ljósfræði	0	0	0	0	2
	Reglur, öryggis- og hjúkrunarfræði	0	0	0	0	1
	Samtals	34	38	38	38	38

Lærisveinar í minni vélstjóradeild skulu auk þess skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur.

3. gr.

Þriðja málsgrein 11. gr. orðist svo:

Hið minna vélstjórpróf að lokinni kennslu ár hvert.

4. gr.

a. 2. tölul. 23. gr. orðist svo:

Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, enn fremur einfaldri þríliðu, líkingum og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar og rúmmálsfræðinnar.

b. Orðin: „með tilliti til mótorá í bjargbátum“ í 4. tölul. 23. gr., falli niður.

c. Í lok 23. gr. komi nýr liður, er verður 5. töluliður, svo hljóðandi:

Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum. Þekking á rafölum, rafmagnsmótorum og rafmagnsgeymum og meðferð þeirra. Enn fremur þekking á rafmagnslögnum, mælitækjum og ljósatækjum í skipum.

5. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við hið minna vélstjórpróf skulu gefnar 14 einkunnir:

Í vélfræði	6	eink.	fyrir	3	skrifl.	og	3	munnl.	úrl.
Í íslenzku	2	—	—	1	—	—	1	—	—
Í reikningi	2	—	—	1	—	—	1	—	—
Í eðlisfræði	1	—	—	munnl.	úrlausn.				
Í rafmagnsfræði	2	—	1	fyrir	verkl.	og	1	fyrir	munnl.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig, en lægsta aðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 56 stig, og í samanlagðri vélfræði meðaleinkunnina 3, í aukagreinunum samanlögðum meðaleinkunnina 3 og í íslenzku meðaleinkunnina 3. 1. okt.

6. gr.

A liður 33. gr. orðist svo:

Nr.

(Ríkisskjaldaermerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N. N.

fæddur

hefur staðizt hið minna vélstjóraþróf við vélskólann í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Aukagreinar	{	Íslenzka	2 eink. stig.
		Stærðfræði	2 — —
		Eðlisfræði	1 — —
		Rafmagnsfræði	2 — —
		Mótorfræði	1 — — stig.
		Vélfræði	6 — — —

Aðaleinkunn 14 eink. stig.

Meðaleinkunn sem er einkunn.

Reykjavík, 19..

N. N.

N. N.

N. N.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 18. gr. laga nr. 71/1936, um kennslu í vélfræði, og 57. gr. laga nr. 60/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. október 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um eignakönnun samkvæmt lögum nr. 67 1947.

190

26. nóv.

I. KAFLI

1. gr.

Framtal eigna og tekna samkvæmt lögum um eignakönnun, skal fara fram 31. des. 1947. Nefnist sá dagur framtalsdagur. Framtölum ber að skila til viðkomandi skattfirvalda fyrir 1. febr. 1948. Sjóðseign bókhaldsskyldra aðila skal jafnan talin eins og hún raunverulega var að kvöldi hins 31. des. 1947. Framtalsnefnd getur veitt viðkomandi skattfyrirvöldum heimild til þess að veita framteljanda lengri frest, ef sérstaklega stendur á. Framtöl þessi skulu gilda sem skattframtöl 1948.